

## **Eftirfarandi er lýsingar á þeim viðfangsefnum sem nemendum stendur til boða í Frístund 2017-2018.**

### **Frjáls leikur 1. - 4. bekkur**

Frístund er til húsa í skólahúsinu við Norðurgötu. Þar geta börnin valið sér verkefni og verið í frjálsum leik. Börnin hafa val um ýmislegt, þau geta t.d. teiknað, litað, perlað, spilað og leirað. Allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.

### **Bókasafn 1. - 4. bekkur**

Hægt er að velja að fara á bókasafn í frístundartímanum. Þar fá börnin tækifæri til að sitja í rólegheitum og lesa eða skoða bækur.

### **Frístundarfjör 1. - 4. bekkur**

Í frístundarfjöri er skipulögð dagskrá alla daga úti eða inni. Viðfangsefni í boði eru t.d. útivist, sköpun, fjöruferð, fyrirtækjaheimsóknir eða óvissudagskrá. Aðsetur verður í myndmenntastofu.

### **Sund 1. - 4. bekkur**

Nemendum gefst kostur á að velja að fara í sund í umsjón sundkennara.

### **Æfingar hjá Knattspyrnufélagi Fjallabyggðar (KF)**

Þeir nemendur sem kjósa að vera á æfingum hjá KF í frístund greiða æfingargjöld til félagsins. Ekki komast allar æfingarnar fyrir á milli kl. 13:30 – 14:30 hjá 1.- 4. bekk og eru þær æfingar sem upp á vantar eftir skóla.

### **Æfingar hjá Tennis- og badmintonfélagi Siglufjarðar (TBS)**

Þeir nemendur sem kjósa að vera á æfingum hjá TBS í frístund greiða æfingargjöld til félagsins.

### **Æfingar hjá Blakfélagi Fjallabyggðar (BF)**

Þeir nemendur sem kjósa að vera á æfingum hjá BF í frístund greiða æfingargjöld til félagsins. Ekki komast allar æfingarnar fyrir á milli kl. 13:30 – 14:30 hjá 1. - 4. bekk og eru þær æfingar sem upp á vantar eftir skóla.

### **Íþróttaskóli hjá Umf. Glóa**

Þeir nemendur sem kjósa að vera á æfingum hjá Umf. Glóa í frístund greiða æfingargjöld til félagsins.

Íþróttaskóli 1. - 2. bekkur: Alhliða hreyfing; þrautabrautir, fimleikar og leikir.

Íþróttaskóli 3. - 4. bekkur: Alhliða hreyfing; þrautabrautir, fimleikar, frjálsar og leikir.

Þjálfarar: Þórarinn Hannesson og Patrekur Þórarinsson.

### **Barnakór tónlistarskólans. 3. - 4. bekkur**

Kennari er Þorsteinn Sveinsson og æfingar eru á mánudögum í tónlistarskólanum á Siglufirði frá kl. 13:30 – 14:30.

Unnið er með grunnþætti tónlistarinnar í gegnum söng, hlustun og hreyfingu. Lögð er áhersla á að börnin læri einföld og fjölbreytt lög og upplifi ólík blæbrigði tónlistarinnar og þjálfist í að hlusta eftir þeim. Kórinn kemur fram á tónleikum Tónlistarskólans á Tröllaskaga og víðar.

Ekki er nauðsynlegt að vera skráður nemandi í tónlistarskólanum til að geta tekið þátt í kórstarfinu. Nemendum er fylgt milli skólahúss og tónlistarskólans.

### **Forskóli tónlistarskólans. 1. - 2. bekkur**

Kennari er Þorsteinn Sveinsson og æfingar eru á miðvikudögum í tónlistarskólanum á Siglufirði frá kl. 13:30 – 14:30

Meginmarkmið forskóla er að búa nemendur undir hljóðfæranám. Uppistaða námsins er tónlistariðkun með ýmsum aðferðum s.s., söng, hreyfingu, slagverksleik, hlustun og sköpun, lestri og ritun. Meginhugtök tónlistar eru kynnt nemendum, tónhæð, styrkur, áferð, tilfinning og túlkun og margt fleira.

Ekki er nauðsynlegt að vera skráður nemandi í tónlistarskólanum til að geta tekið þátt í forskóla tónlistarskólans.

Nemendum er fylgt milli skólahúss og tónlistarskólans.

### **Ukulele-sveit Tónlistarskólans. 3. - 4. bekkur**

Kennari er Guðmann Sveinsson og eru æfingar á fimmtudögum kl.13:30 – 14:30 kennt verður í hópum og fer kennsla fram í tónlistarskólahúsinu á Siglufirði.

Ukulele er lítið strengjahljóðfæri sem kemur úr gítarfjölskyldunni, það er mjög meðfærilegt og þægilegt að byrja á að læra fyrstu hljóðmanna og syngja með einföldum lögum. Tónlistarskólinn leggur til hljóðfærið til fyrsta árið og fá nemendur að fara heim með hljóðfærið og efni til æfingar.

Ekki er nauðsynlegt að vera skráður nemandi í tónlistarskólanum til að geta tekið þátt í Ukulele sveitinni.

Nemendum er fylgt milli skólahúss og tónlistarskólans.

### **Einstaklingstímar í tónlistarskólanum – hljóðfæranám / söngnám**

Tíminn frá kl. 13:30 – 14:30 getur nýst fyrir einstaklingstíma í tónlist. Foreldrar þurfa að skrá barnið í þann tónlistarskóla sem barnið verður í og láta vita af því að barnið verði í tónlistartíma þennan ákveðna dag.